



Greinargerð um stöðu vinnu við sjávarútvegsstefnu matvælaráðherra

Umsagnir

Með greinargerð þessari um stöðu vinnu við sjávarútvegsstefnu gefur matvælaráðuneytið áhugasömum kost á að koma á framfæri hugmyndum og athugasemdum sem nýst geta við stefnumótun í sjávarútvegi. Áhugasamir geta einnig valið að senda póst á netfangið audlindinokkar@mar.is eða að taka þátt í fjórum, opnum samræðufundum um sjávarútvegsstefnu sem haldnir verða á tímabilinu 25. október til 15. nóvember 2022.

Greinargerðin er lögð fram í Samráðsgátt stjórnvalda þann 21. október 2022. Umsagnir óskast fyrir lok dags 20. nóvember 2022 í samráðsgátt.

Sjávarútvegur í stjórnarsáttmála

Í sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá 28. nóvember 2021 kemur eftirfarandi fram í kafla um sjávarútvegs mál:

„Skipuð verður nefnd til að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum og meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Nefndinni verði falið að bera saman stöðuna hér og erlendis og leggja fram tillögur til að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar. Nefndin fjalli einnig um hvernig hægt er að auka gagnsæi í rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi og þá sérstaklega meðal stærstu fyrirtækja landsins. Þá meti nefndin árangur af atvinnu- og byggðakvóta og strandveiðum til að styðja við atvinnulíf í landsbyggðunum.“

Þá er í stjórnarsáttmálanum einnig kveðið á um að flýta skuli eins og kostur er orkuskiptum í sjávarútvegi og stutt verði við öflugt styrkjakerfi, samstarf við háskólasamfélagið og stuðningsumhverfi rannsókna og þróunar til að stuðla að nýsköpun í sjávarútvegi og tengdum greinum.

Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði sjávarútvegs

Í febrúar 2022 voru lögð fram í samráðsgátt drög að áherslum og verklagi við stefnumótun á sviði matvæla og bærust 24 umsagnir um drögin. Umsagnir sem bærust voru fjölbreyttar og nýttast ráðuneytinu vel við vinnuna við stefnumótunina. Niðurstöður samráðsins eru aðgengilegar á Samráðsgáttinni.

Markmið matvælaráðherra með þessu starfi er hagkvæm og sjálfbær nýting sjávarauðlinda í sátt við umhverfi og samfélag. Fyrirhugaðar lokaafurðir þessa starfs eru m.a. ný heildarlög



um stjórn fiskveiða eða ný lög um auðlindir hafsins og aðrar lagabreytingar, verkefni á sviði orkuskipta, nýsköpunar, hafrannsóknar og gagnsæi og kortlagning eignatengsla í sjávarútvegi.

Skipun í samráðsnefnd og starfshópa í sjávarútvegi

Í maí 2022 skipaði Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra, samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu og fjóra starfshópa til að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum ásamt því að meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Samfélag

Starfshópurinn Samfélag er þannig skipaður:

Gunnar Haraldsson, framkvæmdastjóri Intellecton, formaður
Catherine Chambers, rannsóknastjóri, Háskólasetur Vestfjarða
Hreiðar Þór Valtýsson, dósent, Háskólinn á Akureyri
Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja
Valgerður Sólnes, dósent, Háskóli Íslands

Hlutverk starfshópsins Samfélags er að leggja mat á og koma með tillögur er lúta meðal annars að eftirfarandi verkefnum. Verkefnin eru:

1. Samfélagsleg staða – ágreiningur um stjórn fiskveiða og möguleiki til samfélagslegrar sáttar
2. Mat á þjóðhagslegum ávinningi fiskveiðistjórnunarkerfisins
3. Alþjóðlegur samanburður á fiskveiðistjórnunarkerfum, sjálfbærni og samkeppnishæfni
4. Samþjöppun veiðiheimilda
5. Staða standbyggða - byggðakvótar og strandveiðar og möguleg styrking
6. Veiðigjöld og skattspor

Aðgengi

Starfshópurinn Aðgengi er þannig skipaður:

Eggert Benedikt Guðmundsson, verkfræðingur, formaður
Alda B. Möller, matvælafræðingur
Arnór Snæbjörnsson, sérfræðingur, matvælaráðuneytið
Friðrik Árni Friðriksson Hirst, framkvæmdastjóri, Lagastofnun Háskóla Íslands
Ingveldur Ásta Björnsdóttir, framkvæmdastjóri, North 65

Hlutverk starfshópsins Aðgengi er að leggja mat á og koma með tillögur er lúta meðal annars að eftirfarandi verkefnum. Verkefnin eru:

1. Samkeppni, verðlagsmál og aðgangshindranir
2. Eignatengsl í sjávarútvegi og óskyldum greinum
3. Aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja
4. Kynslóðaskipti og nýliðun



Umhengni

Starfshópurinn Umhengni er þannig skipaður:

Gréta María Grétarsdóttir, forstjóri, Arctic Adventures, formaður

Freydís Vigfúsdóttir, sérfræðingur, matvælaráðuneytið

Halla Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, Optitog

Jónas Rúnar Viðarsson, sviðsstjóri, Matís

Sigurður Ingi Friðleifsson, framkvæmdastjóri, Orkustofnun

Hlutverk starfshópsins Umhengni er að leggja mat á og koma með tillögur er lúta meðal annars að eftirfarandi verkefnum. Verkefnin eru:

1. Umhengni um sjávarauðlindina
2. Vistkerfisnálgun, verndarsvæði, sjónarmið varúðar og aflareglur
3. Rannsóknir á lífríki hafsins og vísindaleg ráðgjöf
4. Orkuskipti - grænn sjávarútvegur
5. Vigtun, brottkast, eftirlit og viðurlög

Tækifæri

Starfshópurinn Tækifæri er þannig skipaður:

Ingunn Agnes Kro, framkvæmdastjóri, Jarðvarmi, formaður

Ari Kristinn Jónsson, framkvæmdastjóri, AwareGO

Hildur Ingvarsdóttir, skólameistari, Tækniskóli Íslands

Hilmar Bragi Janusson, framkvæmdastjóri, Kvika banki

Óskar Veigu Óskarsson, sölustjóri, Marel


Hlutverk starfshópsins Tækifæri er að leggja mat á og koma með tillögur er lúta meðal annars að eftirfarandi verkefnum. Verkefnin eru:

1. Rekjanleiki afla
2. Fullvinnsla, gæðamál og hringrásarhagkerfið
3. Stafræn umbreyting
4. Hugverkaréttur
5. Rannsóknir, þróun og nýsköpun
6. Alþjóðasamskipti og orðspor Íslands
7. Markaðssetning
8. Menntun
9. Jafnrétti



Tímaáætlun

Verkefnum starfshópanna fjögurra er skipt í fjögur tímabil:



Einnig er starfandi sérstök samráðsnefnd stjórnmalaflokka og hagsmunaaðila sem hefur yfirsýn yfir starf starfshópa og aðra þætti verkefnisins. Nánari upplýsingar um skipan samráðsnefndarinnar má finna á audlindinokkar.is

Samráðsnefnd hefur fundað þrisvar sinnum en fyrsti fundur nefndarinnar fór fram 13. júní 2022, þar var verkefnið kynnt og farið yfir verklag og skipun starfshópa. Annar fundur nefndarinnar fór fram 15. september 2022 og var þar farið yfir stöðu nefndarvinnu, greinargerð Jóhanns Sigurjónssonar um stöðu haf- og fiskirannsóknna og leiðir til að efla þær. Þriðji fundur samráðsnefndar fór fram 5. október 2022, þar sem m.a vefsíðan audlindinokkar.is var kynnt, samningur matvælaráðuneytis og samkeppniseftirlitsins var kynntur sem og þær spurningar og álitamál varðandi sjávarútveg sem hóparnir fjórir hafa rýnt og eru að vinna með.

Vefsíðan audlindinokkar.is

Þann 4. október 2022 var vefsíðan audlindinokkar.is opnuð. Þar má finna upplýsingar og gögn sem tengjast verkefninu Auðlindin okkar. Á síðunni má nálgast upplýsingar um upplegg og tilgang verkefnisins Auðlindin okkar, skipan starfshópa og samráðsnefndar. Einnig er að finna á síðunni yfirgripsmikið gagnasafn um sjávarútveg. Þar má nálgast gögn og fundargerðir starfshópa og samráðsnefndar, ásamt lögum, dómum, frumvörpum, álitum og úrskurðum. Jafnframt er þar að finna yfirlit yfir þá hagaðila sem starfshóparnir hafa rætt við.



Í verkefninu Auðlindin okkar er lögð áhersla á opna, þverfaglega og gagnsæja nálgun. Því eru allir þeir sem áhuga hafa hvattir til að hafa samband í gegnum síðuna eða netfangið audlindinokkar@mar.is til að koma skoðunum, upplýsingum eða spurningum á framfæri.



Í lok maí 2022 skipaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra fjóra starfshópa til að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum ásamt því að meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Starfshóparnir eru [Samfélag](#), [Aðgengi](#), [Umgengi](#) og [Tækifæri](#).

Í ljósi reynslu af vinnu við endurskoðun á fiskveiðilöggjöfni á undanföllum árum og áratugum varð niðurstaða matvælaráðherra sú að beita þyrfti nýrri nálgun við þær fjölmörgu áskoranir og tækifæri sem eru í sjávarútvegi og snerta samfélagið allt með beinum og óbeinum hætti. Í stað einnar stórrar pólitískrar nefndar er nú komið á laggjarnar opnu, þverfaglegu og gagnsæju verkefni fjölmargra aðila sem unnið verður með skipulegum hætti á kjörtímabilinu.

FRÉTTIR



MATVÆLARÁÐUNEYTIÐ

Greinargerð um stöðu haf- og fiskirannsóknna skilað til matvælaráðherra

Vilt þú hafa áhrif?

Hafðu samband ef þig langar að koma upplýsingum á framfæri, ert með hugmyndir eða spurningar tengdar verkefninu Auðlindin okkar. Sendu póst á audlindinokkar@mar.is. Starfsmaður kemur erindinu á framfæri við viðeigandi hóp þar sem það verður tekið til umfjöllunar.

Taktu þátt í umræðunni

Ísafirði, Edinborgarhúsinu | **25. október** | 17:00–19:00

Fundarstjóri: Gylfi Ólafsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðar

Eskifirði, Valhöll | **1. nóvember** | 17:00–19:00

Fundarstjóri: Stefán Þór Eysteinnsson, formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar

Kortlagning á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi

Matvælaráðherra undirritaði ásamt forstjóra Samkeppniseftirlitsins, 19. september 2022 samning um skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í sjávarútvegi, í samstarfi við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands. Eftirlitsstofnanir sem hafa það hlutverk að fylgjast með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi hafa að eigin frumkvæði áformað að efla samstarf með því markmiði að skapa betri yfirsýn yfir stjórnunar og eignatengsl. Nýta betur þekkingu á því sviði og styrkja greiningu og nauðsynleg úrræði. Með samningnum er Samkeppniseftirlitinu tryggt fjárhagslegt svigrúm til að geta ráðist í athugun á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi.

Athugunni er ætlað að auka gagnsæi og bæta stjórnsýslu á sviði eftirlits með stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi. Í athuguninni felst upplýsingasöfnun og kortlagning sem tekur að lágmarki til eftirtalinna þátta:

1. Hún taki til sjávarútvegsfyrirtækja sem eiga eða leigja fiskiskip með aflahlutdeildir með ákveðnum stærðartakmörkunum sem ákveðin verða á fyrstu stigum verkefnisins.
2. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (eða aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yferráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum.



3. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum fyrirtækjum hér á landi, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa.
4. Hún varpi ljósi á áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum, sbr. afmörkun í liðum 2 og 3.
5. Hún auki gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl sem rakin eru í liðum 1-4.

Framangreind kortlagning verður sett fram í sérstakri skýrslu. Skýrslan verður afhent matvælaráðuneytinu eigi síðar en 31. desember 2023 og verður því aðgengileg ráðuneytinu í stefnumótunarvinnu um sjávarútveginn. Skýrslan mun ekki fjalla um ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins eða annarra eftirlitsstofnana um frekari athuganir eða íhlutun á grundvelli starfsheimilda eða starfsskyldna samkvæmt hlutaðeigandi lögum. Hún mun hins vegar nýttast Samkeppniseftirlitinu, Fiskistofu, Skattinum og Seðlabanka Íslands við þekkingaruppbyggingu og við beitingu lagafyrirmæla á viðkomandi sviði. Við vinnslu skýrslunnar er stefnt að því að mótuð verði upplýsingatækniútgjörð sem nýtist við frekari kortlagningu og eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi almennt.

Kveikjur og rannsóknarspurningar starfshópa

Á fundi samráðsnefndar 5. október 2022 voru sýndar fyrstu hugmyndir starfshópanna Samfélag, Aðgengi, Umgengni og Tækifæri um kveikjur (þ.e. verkefni sem mætti fara strax í að þróa og koma í framkvæmd) og aðrar verkefnahugmyndir og rannsóknarspurningar. [Glærur](#) af fundi samráðsnefndar má nálgast á vefsíðunni audlindinokkar.is.

Eftirfarandi kveikjur eru meðal þess sem hóparnir hafa rýnt:

- Nær fiskveiðistjórnarkerfið að óbreyttu markmiðum laga um stjórn fiskveiða eða á að stefna að öðrum markmiðum?
- Hver er þjóðhagslegur ávinningur fiskveiðistjórnarkerfisins?
- Hefur byggðakvótakerfið og strandveiðikerfið náð þeim markmiðum sem að var stefnt?
- Eru hvatar til þess að umhverfisspor við nýtingu auðlindarinnar sé lágmarkað?
- Á að skylda fyrirtæki sem hafa nýtingarheimildir til að skila gögnum sem nýtast til rannsókna og eftirlits til að auka þekkingu í greininni og draga úr óvissu í ákvarðanatöku?
- Á að sameina helstu lagabálka í ein heildarlög um auðlindir hafsins?
- Hvernig á að draga úr kolefnisspori, með rafvæðingu smábáta, fækkun í skipaflota, taka upp græna potta eða skattaafslætti?

Starfshóparnir vinna að því á komandi mánuðum að rýna spurningar og kveikjur og ræða við fleiri hagaðila. Gert er ráð fyrir að bráðabirgðaniðurstöður þeirrar vinnu muni liggja fyrir í desember 2022.



Opnir fundir

Áætlaðir eru opnir samræðufundir um verkefnið Auðlindin okkar. Um er að ræða fundi þar sem verkefnið er kynnt og kallað verður eftir ábendingum og skoðunum fundarmanna sem nýtast inn í áframhaldandi vinnu samráðshópsins og starfshópanna.

Áætlað er að fundirnir fari fram á eftirtöldum stöðum í október og nóvember 2022:

- Ísafjörður – 25. október
- Eskifjörður – 1. nóvember
- Vestmannaeyjar – 8. nóvember
- Akureyri – 15. nóvember

Næstu skref

Áætlað er að næsti fundur samráðsnefndar um sjávarútvegsstefnu fari fram 16. nóvember nk. og þá verði áframhaldið umræðum um þær kveikjur og rannsóknarspurningar sem starfshóparnir eru að vinna með. Áætlað er að bráðabirgðaniðurstöður úr vinnu starfshópanna verði svo kynntar á fundi samráðsnefndar í desember 2022.